

90

80

70 Vanalegar byggingar á hörðu samstæðu bergi (vanalega mesta álag sem leyft er af stjórnvöldum og váttryggingafélögum við síendurteknar sprengingar).

60

50 Vanalegar byggingar á meðalhörðu bergi. Síendurteknar sprengingar í bæjum þar sem fleira en ástand byggingar ræður úrslitum.

40

30 Vanalegar byggingar á mjúku bergi. Síendurteknar sprengingar.

20 Vanalegar byggingar á mjúkum grunni (sandí og leir). Síendurteknar sprengingar

15 Þar sem mannlegir þættir ráða úrslitum - 10 Hz.

10

5 Þar sem mannlegir þættir ráða úrslitum - 25 Hz.

0

Nr. 685

6. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008, Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 1. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 6. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008, Skaftárhreppi frá 21. maí 1990.

Breytingin varðar tvö svæði:

Landnotkun á hluta svæðis sem ætlað er fyrir opinberar stofnanir (S2) breytist á þann veg að þar verði sorpeyðingarstöð með varmaendurvinnslu. Stærð lóðar er um 625 ferm. Aðkomuvegur verður skilgreindur sem gatnasvæði.

Iðnaðarsvæði við Klausturveg 3-5 verður íbúðabyggð og opið svæði til sérstakra nota.

Úrskurður skipulagsstjóra ríkisins um mat á umhverfisáhrifum sorpförgunar Byggðarsamlagsins Hulu, þar sem fjallað er um sorpokustöð á Kirkjubæjarklaustri, er frá 16. apríl 1998.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skaftárhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 6. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Hrafn Hallgrímsson.